

Frumvarp til laga

um

nafnbreytingar og ný nöfn á býlum.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

1. gr.

Nöfnum á býlum, afbýlum, grasbýlum eða húsmenskubýlum, utan kaupstaða og kauptúna, er jarðabók telur, má enginn breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

2. gr.

Nú vill eigandi býlis, er jarðabók telur, taka upp nýtt nafn á býli sínu eða breyta því, og skal hann þá rita stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýra frá hinu eldra nafni býlisins og dýrleika, og tilgreina ástæður fyrir nafnbreytingunni, og skal henni fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda. Beiðnina með fylgiskjölum sendir beiðandi sýslumanni, er afgreiðir hana til stjórnarráðsins.

3. gr.

Telji stjórnarráðið nafn það, er beiðandi vill taka upp á býli sínu, fyrir einhverjar sakir óheppilegt, endursendir það sýslumanni beiðnina, og skal beiðanda þá gefinn kostur á að velja annað nafn á býlinu. Samnefni á býlum í sama hreppi má eigi leyfa.

Sje nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, gefur stjórnarráðið út leyfisbrjef til nafntökunnar. Leyfisbrjefið sendir stjórnarráðið sýslumanni, og ber honum að þinglesa það á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Nýnefni á býlum, er jarðabók telur, sem upp hafa verið tekin áður en

lög þessi öðlast gildi, mega því að eins haldast, að fengið sje leyfi stjórnarráðsins til nafnbreytingarinnar. Beiðni um nafnbreytinguna skal senda stjórnarráðinu innan 12 mánaða frá því lög þessi öðlast gildi, og gilda um þá beiðni þau ákvæði, sem sett eru í 2. og 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Fyrir leyfisbrjefið greiðir beiðandi 25 kr., er sýslumaður innheimtir, og renna þær í landssjóð. Fyrir skrásetning leyfisbrjefsins greiðir beiðandi sýslumanni 2 kr. auk hins lögákveðna þinglestrargjalds. Sje býlisnafnið eldra en lög þessi, skal þó ekkert gjald greiða fyrir leyfisbrjefið, nema skrásetningargjaldið til sýslumanns og þinglestrargjaldið.

6. gr.

Nú vill maður taka upp nýtt nafn á býli, sem ekkert nafn hefir í jarðabókinni, og skal hann þá afhenda sýslumanni til þinglesturs yfirlýsingu sína um nafn býlisins. Í yfirlýsingu þessari skal skýrt frá, á hvaða lögbýli og hvaða ár það er bygt, landstærð þess, ummerkjum og dýrleika. Yfirlýsingunni skal fylgja afsalsbrjef fyrir eigninni eða önnur skilríki fyrir eignarrjetti umsækjanda.

Ekki má taka upp nafn, sem samnefnt er öðru býli í sama hreppi.

Þinglesnu nafni á býli má ekki breyta, nema að fengnu leyfi stjórnarráðsins.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100 kr., er renna í landsjóð. Skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa eftirlit með að lögum þessum sje hlýtt.

8. gr.

Mál útaf lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Svo sem fram er tekið í athugasemdum við frumvarp til laga um ný nöfn manna, kom fram á alþingi 1912 tillaga um að selja lagareglur um nafnbreytingar á býlum, til þess að koma í veg fyrir ýmislega erfiðleika, er slíkar nafnbreytingar hafa í för með sjer, ef óreglubundnar eru.

Þótt stjórnarráðið verði að telja það óheimilt samkvæmt gildandi lögum að breyta nöfnum á býlum, sem talin eru í jarðabókinni frá 1861, þá hefir það samt sem áður viðgengist að jarðanöfnum hefir verið breytt og ekki orðið við það ráðið, þar eð vantað hafa hegningarákvæði um slíkar óheimilar nafnbreytingar.

Til þess að ráða bót á þessu er í frumvarpi þessu bannað, að viðlögðum sektum, að breyta eldri jarðanöfnum, sem talin eru í jarðabókinni, nema sjerstakt

leyfisbrjef til nafnbreytingarinnar sje fengið. Þarsem slíkar breytingar á jarðanöfnum yfir höfuð að tala eru ekki æskilegar, virðist ekki ástæða til að setja gjaldið fyrir leyfisbrjefið lægra en 25 kr. Auk þess er ákveðið, að beiðandi skuli greiða sýslumanni 2 kr. Er það að eins sanngjörn borgun fyrir aukavinnu hans við lagfæringu á eignaskrá lögsagnarumdæmisins, er nafnbreytingin hefur í för með sjer.

Þar sem býli hefir ekkert nafn í jarðabókinni, virðist ekki þörf á því, að sá, er vill gefa býlinu ákveðið nafn, fái leyfisbrjef til nafntökunnar. Er því í 6. gr. frumvarpsins látið nægja að hlutaðeigandi láti þinglesa yfirlýsingu sína um nafnið. Þarsem hjer er um nýtt býli að ræða, hefir þótt ástæða til þess að tekið væri fram í yfirlýsingu þessari, á hvaða lögbýli það er bygt, og hvaða ár, landstærð býlisins, ummerki þess og dýrleiki. Nafni á býli, sem þinglesið hefir verið, má ekki síðar breyta, nema með leyfisbrjefi.